



FÉLAG ÍSLENSKRA BARNALÆKNA

11. nóvember 2014

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um lagafrumvarp, mál 257. Þingskjal 295. 144. löggjafarþing 2014—2015.
Sérhæfð þjónustumiðstöð á sviði heilbrigðis- og félagsþjónustu (heilðarlög)

Stjórn Félags íslenskra barnalækna þakkar tækifærið til að senda inn umsögn um ofangreint mál.

Félag barnalækna á Íslandi stendur vörð um velferð barna hér á landi og mælir sterklega gegn því að umrætt lagafrumvarp taki gildi.

Með frumvarpi þessu er verið að leggja til að stofnuð verði sérhæfð þjónustumiðstöð fyrir einstaklinga með skerta færni óháð aldri. Af því leiðir að starfsemi Greiningar- og ráðgjafarstöðvar verði ekki lengur til sem sérhæfð stofnun fyrir börn. Lög Greiningarstöðvar (nr. 83/2003) segja skýrt til um að stofnunin þjóni aldurshópnum 0 til 18 ára á landsvísu. Greiningarstöð hefur starfað með hagsmuni barna og fjölskyldna þeirra að leiðarljósi frá árinu 1986. Þar hefur því byggst upp mikil þekking á málefnum barna með skerta færni og þörfum þeirra í samfélagi okkar. Sú ráðstöfun að dreifa vinnukröftum og áherslum nýrrar stofnunar einnig til fullorðinna er dæmt til að draga úr áherslum stofnunarinnar á þjónustu til barna með skerta færni og flókinn vanda.

Það kemur skýrt fram í skýrslum sem liggja að baki frumvarpinu að sameiginlegir skjólstaðingar eru afar lítið brot af fjölda þeirra þjónustuþega sem þiggja þjónustu stofnananna sem stendur til að sameina. Þannig eru rök fyrir faglegum ávinningi varðandi þann þátt ekki sterk.

Félag íslenskra barnalækna telur að skynsamlegra hefði verið að sameina stofnanir sem sinna börnum eingöngu og auka þar með samþáttun þjónustu fyrir börn í landinu, á sviði heilbrigðis-, félags- og skólaþjónustu. Ef slík umleitan er ekki möguleg þá mælum við með að í lagafrumvarpinu verði skýrt kveðið á um að þjónusta við börn í nýrri stofnun skerðist ekki frá því sem nú er. Þetta er mikilvægt meðal annars í ljósi þess að Greiningarstöð hefur ekki náð að sinna þeim mikla fjölda barna sem vísað er á stofnunina síðastliðin ár. Samkvæmt upplýsingum frá Greiningarstöð vísar stöðin frá nokkuð stórum hluta af nýjum tilvísunum (um 400 frávísanir á síðustu 5-6 árum). Félagið hefur Barnasáttmála sameinuðu þjóðanna, sem lögfestur var hér á landi á síðasta ári, gjarnan að leiðarljósi varðandi velferð barna. Þar er skýrt kveðið á um að leitast skal við að setja þarfir barna í forgang þegar teknar eru stjórnvaldsákvæðanir um þjónustu fyrir þann viðkvæma hóp.

Virðingarfyllt,

Fyrir hönd Félags íslenskra barnalækna,

Ingólfur Einarsson, formaður, ingolfure@gmail.com